5. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þrem mönnum, einn tilnefndur af stofnendum sjóðsins, annar af Fósturskóla Íslands og hinn þriðji af stjórn Fóstrufélags Íslands. Heimilt er að nefna varamenn. Stjórnin skal skipuð til þriggja ára í senn, og halda fundi a. m. k. tvisvar á ári. Stjórnin tekur til starfa 1. júní 1980. Formaður sjóðsstjórnar er fulltrúi stofnenda. Stjórnin ákveður úthlutanir úr sjóðnum (með eða án umsókna).

6. gr.

Stjórn sjóðsins er heimilt að veita úr sjóðnum allt að helmingi tekna hans í hvert sinn. Óheimilt er að skerða höfuðstól sjóðsins sem er stofnframlag hans frá 1970 kr. 13 000.00 auk gjafar frá 1971 kr. 10 000.00, sem hvort tveggja er bundið í verðtryggðum ríkisskuldabréfum.

Skólastjóri Fósturskóla Íslands annast varðveislu sjóðsins, ávöxtun og reikningshald í samráði við stjórn sjóðsins.

Stjórnin heldur gerðabók.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun.

Þeir skulu birtir í Stjórnartíðindum.

8. gr.

Breytingar á skipulagsskrá þessari má því aðeins gera að tillögur um þær séu bornar fram af sjóðsstjórninni og samþykktar af stofnendum sjóðsins.

27. júní 1980. Nr. 310.

REGLUGERÐ

um sjómannafrádrátt.

1. gr.

Maður, lögskráður á íslenskt skip, má draga frá tekjum sínum sjómannafrádrátt, 2 700 kr., fyrir hvern dag sem hann telst stunda sjómannsstörf. Sama gildir um hlutaráðinn sjómann og hlutaráðinn landmann, þ. e. beitingamann á línubát, enda þótt hann sé ekki lögskráður. Starfsmaður hjá hafrannsóknastofnun og maður sem ráðinn er af hinu opinbera til að hafa eftirlit með fiskveiðum skulu einnig njóta þessa frádráttar fyrir hvern dag sem þeir eru á sjó.

2. gr.

Dagafjölda skv. 1. gr. skal ákvarða sem hér segir:

1. Hjá sjómanni á fiskiskipi, þ. m. t. sel- og hvalveiðiskipi, skal miða við þá daga sem hann er lögskráður á skipið að viðbættum þeim dögum þegar hann þiggur laun eða aflahlut sem sjómaður, t. d. þá er skip liggur í höfn vegna tímabundinna tafa frá veiðum vegna viðgerða eða þegar skipt er um veiðarfæri, enda sé hann háður ráðningarsamningi og á launum sem sjómaður við útgerðina á því tímabili. Sama á við þá daga sem sjómaður fær greiðslur fyrir hjá útgerðinni þegar hann er í orlofi eða veikur. Frídagar án launa teljast ekki með í þessu sambandi.

2. Maður sem stundar fiskveiðar á bát undir 12 tonnum skal fá sjómannafrádrátt sem svarar til þeirra daga sem hann nýtur greiðslu fæðispeninga frá áhafnadeild Aflatryggingasjóð. Stundi maður fiskveiðar en fái ekki fæðisgreiðslur frá áhafnadeild Aflatryggingasjóðs skal hann njóta sjómannafrádráttar fyrir hvern úthaldsdag.
3. Aðrir sjómenn, t. d. í áhöfn farmskipa, farþegaskipa og varðskipa, skulu fá sjómannafrádrátt fyrir þá daga þegar þeir eru lögskráðir að viðbættum þeim dögum sem þeir halda launum sem sjómenn, t. d. í launuðu orlofi, veikindum og ef skip er í slipp vegna viðgerða.
4. Hlutaráðnir landmenn, þ. e. beitingamenn á línubát, skulu fá sjómannafrádrátt sem svarar til þeirra daga sem þeir njóta greiðslu fæðispeninga frá áhafnadeild Aflatryggingasjóðs. Frádráttur þessi tekur ekki til manna sem starfa í ákvæðisvinnu við beitingu. Þeim sem starfa við landvinnu hjá útgerðinni, t. d. netavinnu, skal ekki heimill sjómannafrádráttur enda þótt um launakjör þeirra fari að öllu eða einhverju leyti eftir afkomu útgerðar eða aflahlutum skipverja.

3. gr.

Nú fer sjómaður, sem lögskráður var, fram á að fá sjómannafrádrátt sem svarar til lengri tíma en þeirra daga sem hann var lögskráður og skal hann þá gera sérstaka grein fyrir þeirri kröfu sinni með framlagningu gagna þar um með skattframtali sínu. Greinargerð skulu fylgja gögn sem varða vinnutímabil viðkomandi sjómanns, svo sem uppgjör útgerðarinnar. Ef um tímabundna afskráningu vegna legu skips til viðgerðar er að ræða eða ef maður er afskráður vegna veikinda eða orlofs en heldur launum eða aflahlut sem sjómaður á þeim tíma, skal staðfesta dagafjölda með fullnægjandi gögnum ef viðkomandi maður óskar sjómannafrádráttar umfram lögskráningartímann. Sjómenn, sem ekki voru lögskráðir, skulu gera rökstudda grein fyrir kröfu sinni um sjómannafrádrátt með því að leggja fram gögn um þá daga sem þeir nutu greiðslu fæðispeninga frá áhafnadeild Aflatryggingasjóðs. Njóti þeir ekki slíkra fæðisgreiðslna skulu þeir leggja fram fullnægjandi gögn um úthaldsdaga og róðrafjölda.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 2. mgr. 1. tl. C-liðar 1. mgr. 30. gr. laga nr. 40/1978 um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. d-lið 14. gr. laga nr. 7/1980, öðlast þegar gildi og kemur til framkvæmda við álagningu skatta árið 1980 vegna tekna ársins 1979.

Fjármálaráðuneytið, 27. júní 1980.

Ragnar Arnalds.

Höskuldur Jónsson.